

Svar

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um skuldir sveitarfélaga hjá Íbúðalánasjóði.

Svar ráðherra byggist á upplýsingum frá Íbúðalánasjóði.

1. *Hversu mikið skulda sveitarfélögin Íbúðalánasjóði vegna kaupa þeirra á félagslegu húsnæði?*

Sveitarfélögin skulda um 44 milljarða kr. vegna kaupa á 3.863 eignum til félagslegra nota.

Fjárhæðir í krónum.

Kjördæmi	Uppreiknaðar eftirstöðvar		
	(30.9.2010)	Vanskil	Fasteignamat
Reykjavík norður og suður	20.738.909.128	0	26.696.315.000
Suðvestur	8.295.464.849	0	11.819.010.000
Norðvestur	4.513.253.556	1.267.255	4.196.592.000
Norðaustur	5.122.791.229	0	6.355.244.000
Suður	5.244.335.654	6.200.356	7.196.104.000
Samtals	43.914.754.416	7.467.611	56.263.265.000

Kjördæmi	Hlutfall af heildaruppreiknuðum eftirstöðvum	
	(30.9.2010)	
Reykjavík norður og suður	47%	
Suðvestur	19%	
Norðvestur	10%	
Norðaustur	12%	
Suður	12%	

2. *Hversu há upphæð er í vanskilum hjá sjóðnum vegna slíkra kaupa og hvernig skiptist upphæðin milli kjördæma?*

Vanskilafjárhæðin er tæpar 7,5 millj. kr. sem skiptist í 6,2 millj. kr. í Suðurkjördæmi og tæpar 1,3 millj. kr. í Norðvesturkjördæmi (sjá töflu í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

3. *Hefur einhver hluti slíkra skulda verið afskrifaður og ef svo er, hversu háar eru afskriftirnar samtals, í hvaða kjördæmum hafa skuldir verið afskrifaðar og hversu háar upphæðir í hverju þeirra?*

Sveitarfélag	Ár	Fjárhæð í millj. kr.
Vesturbyggð	2002	83,7
Ísafjarðarbær	2003 og 2006	38
Hríseyjarhreppur	2005	36,9
Bolungarvíkurkaupstaður	2009	73
Samtals		231,6

Í **Vesturbyggð** voru afskrifaðar skuldir að fjárhæð tæpar 84 millj. kr. árið 2002. Árið 2003 voru afskrifaðar 13 millj. kr. hjá **Ísafjarðarbæ** og aftur rúmar 25 millj. kr. í árslok 2006. Árið 2005 voru afskrifaðar tæpar 37 millj. kr. hjá **Hriseyjarhreppi** þegar það sveitarfélag var sameinað Akureyrarkaupstað. Árið 2009 voru afskrifaðar 73 millj. kr. hjá **Bolungarvíkurkaupstað**.

Skuldir sveitarfélaganna eru afskrifaðar eftir að eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaganna hefur óskað eftir því vegna erfiðrar fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélags og með samþykki ráðuneytisins eins og lög og reglugerðir kveða á um.

4. Liggja inni beiðnir hjá Íbúðalánasjóði um afskriftir lána sveitarfélaga og ef svo er, í hvaða kjördæmum og um hversu háar upphæðir er að ræða?

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga óskaði eftir því við Íbúðalánasjóð í janúar 2009 að sjóðurinn felldi niður helming skulda Bolungarvíkurkaupstaðar við sjóðinn vegna félagslega íbúðakerfisins, en alls nema þær 146 millj. kr. Stjórn sjóðsins féllst á að afskrifa 73 millj. kr. og að 73 millj. kr. yrðu „frystar“ í eitt ár. Að því tímabili loknu yrði málið tekið til endurskoðunar í samráði við eftirlitsnefndina og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Nú liggur fyrir ósk frá Bolungarvíkurkaupstað um að ljúka afskrift á þeirri fjárhæð sem eftir stendur, alls 81 millj. kr. Niðurstaða í því máli liggur ekki fyrir.